

FLUGSLYSAÆFING Á

KEFLAVÍKURFLUGVELLI

18. APRÍL 2009

LOKASKÝRSLA ÆFINGAR

2009

*Flugslysaáætlun fyrir Keflavíkurflugvöll
Neyðaráætlun vegna flugverndar*



Ríkislögreglustjórinn
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum
Keflavíkurflugvöllur ohf

*Lokaskýrsla vegna æfingar þar sem æfðar voru:
Flugslysaáætlun fyrir Keflavíkurflugvöll og
Neyðaráætlun vegna flugverndar*

Efnisyfirlit

Inngangsorð.....	4
Undirbúningur og skipulag æfingarinnar	5
Viðbragðsaðilar og þáttakendur	6
Almennt um framgang æfingarinnar	7
Skýrslur Aðgerðastjórnar	8
Skýrslur Vettvangsstjórnar	13
Skýrslur verkþáttastjóra og annarra lausnaraðila	16
Skýrslur æfingurstjóra og ráðgjafa.	28
Rýnifundur.....	37
Niðurstaða aðfinnsla viðbragðsaðila	37

Þann 18. apríl 2009 var haldin stór flugslysaæfing á Keflavíkurlugvelli.

Æfingin var liður í æfingaskipulagi Flugslysaáætlunar fyrir Keflavíkurlugvöll (FFK) og einnig var æft eftir Neyðaráætlun vegna flugverndar (NVF) fyrir Keflavíkurlugvöll.

Undirbúning og umsjón með æfingunni höfðu Keflavíkurlugvöllur ohf., lögreglan á Suðurnesjum, Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og sérsveit ríkislögreglustjóra.

Markmið æfingarinnar var að samkeyra ofangetnar tvær viðbragðsáætlanir og í framhaldi af æfingunni þá verður lokið við að uppfæra Neyðaráætlun vegna flugverndar og Flugslysaáætlunin yfirfarin .

Þetta er í fyrsta sinn sem viðbrögð eru æfð samkvæmt báðum þessum áætlunum samtímis á Keflavíkurlugvelli.

Settur var upp vettvangur þar sem flugvél var á leið til Keflavíkurlugvallar með 45 farþega innan borðs ásamt 4 manna áhöfn. Ícelandair lagði til flugvél í æfinguna.

Sprengjuhótun var um borð í flugvélinni sem leiddi af sér slys eftir landingu.

Í upphafi æfingarinnar var NVF virkjuð, samkvæmt aðgerðaáætlun vegna sprengjuhótunar í loffari, síðan var FFK virkjuð eftir að slys hafði orðið.

Undirbúningur og skipulag æfingarinnar

Undirbúningur æfingarinnar var umfangsmikill með aðkomu margar aðila, en svo umfangsmikil æfing var síðast haldin á Keflavíkurflugvelli haustið 2004.

Undirbúningur hófst í ágúst 2008 þar sem ákvörðun var tekin um að halda stóra flugslysaæfingu fyrri hluta árs 2009 og virkja FFK á Neyðatstig stórt og einnig að virkja NVF og láta reyna á samþættingu þeirra. Þá var einnig gert fimm ára æfingarskipulag fyrir Keflavíkurflugvöll og æfingin sett þar inn..

Samhliða undirbúningi æfingarinnar þá var FFK yfirfarin og uppfærð og í upphafi ársins 2009 þá hófst uppfærsla á NVF.

Ákveðið var að allar bjargir yrðu einungis af Suðurnesjasvæðinu, vegna samkeyrslu beggja áætlananna.

Síðan var æfingin kynnt viðbragðsaðilum. Allir viðbragðsaðilar voru mjög jákvæðir gagnvart æfingunni og hófst þá formlegur undirbúningur. Viðbragðsaðilum var sent erindi þess efnis og óskað var eftir því að þeir færu yfir þá kafla áætlunarinnar er snéri að verkþáttum þeirra í áætluninni og þeir beðnir að koma með athugasemdir og eða tillögur að lagfæringu ef þörf væri á.

Skipulagðar voru skrifborðsæfingar með aðgerðastjórn, vettvangsstjórn og verkþáttastjórum sem var liður í undirbúningi fyrir æfinguna.

Polendur í æfingunni komu frá unglingsarfi björgunarsveita á Suðurnesjum og starfsfólki Icelandair.

Viðbragðsaðilar og þáttakendur

Viðbragðsaðilar	Nafn tengiliðs	Fjöldi
Airport Associates	Sigþór Skúlason	2
Brunavarnir Suðurnesja	Jón Guðlaugsson	6
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	Einar Már Jóhannesson	4
Flugturninn á Keflavíkurflugvelli	Bjarni Tryggvason	6
Flugvallarþjónustudeild KEF	Guðmundur Lárusson	4
Flugverndarsvið KEF	Helgi Haraldsson	3
Flugöryggisverðir	Lúðvík (inni)	3
Flugöryggisverðir	Grétar (úti)	20
Flugþjónustan Keflavíkurflugvelli – IGS	Guðjón Skúlason	6
Förðun og eftirlit leikara	Elva Tryggvadóttir	2
Förðun og eftirlit leikara	Soffía Helga Valsdóttir	2
Gestir og fréttamenn	Friðþór Eydal	14
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Þórunn Benediksdóttir	4
Icelandair Keflavík	Jenný Waltersdóttir	1
Icelandair Keflavík	Andrea Gunnarsdóttir	1
Icelandair Rvík	Stephanie Smith	15
Icelandair (hafa leikara sér)	Stephanie Smith	12
Lögreglan á Suðurnesjum	Sigurður Ágústsson	28
Neyðarlínan – 112	Garðar Gíslason	2
Ráðgjafahópur	Rögvaldur Ólafsson	10
Rauða kross deild Suðurnesja	Karl Georg Magnússon	14
Samhæfingarstöðin	Rögvaldur Ólafsson	12
Sérsvait lögreglu		11
Slökkvilið Keflavíkurflugvallar	Ólafur Ásmundsson	11
Slökkvilið Sandgerðis	Sveinn Einarsson	8
Sv. Svæði 2 Björgunarsveit Sigurvon	Björn Líndal Gíslason	0
Svst. Svæði 2 Björgunarsveit Suðurnes	Arnar Steinn Elísson	27
Svst. Svæði 2 Björgunarsveit Þorbjörn	Ólafur Ingi Jónsson	2
Svst. Svæði 2 Björgunarsveit Þorbjörn	Jón V Guðmundsson	14
Svst. Svæði 2 Björgunarsveitin Ægir	Oddur Jónsson	9
Svst. Svæði 2 Björgunarsveitin Sigurvon	Guðmundur Ingi Ólafsson	14
Björgunarsveit Skyggvir	Kristinn Björgvinsson	8
Umsjónarmaður leikara og förðun	Guðni Á. Gíslason	45
Umsjónarmaður	Guðni Á. Gíslason	5
Viðhaldsstöð ITS	Hilmar Guðsteinsson	10
Flugeldhús (flutningur á mat á svæði)	Klemenzen Sæmundsson	2
Strætisvagn SBK nr, á vagni 1	Ásberg Hólmarsson	1
Strætisvagn SBK nr, á vagni 2	Einar Berg Ólsen	1
Landhelgisgæslan	Sigurður Ásgrímsson	4
Myndataka	Ólafur Harðarson	1
Myndataka	Sigurður Erlingsson	1
	Samtals:	345

Almennt um framgang æfingarinnar

Æfingin var sett kl. 08:00 með fundi í húsnæði Airport Associates, þar sem Víðir Reynisson frá Almannavörnum ríkislögreglustjóra fór yfir skipulag æfingarinnar með öllu þátttakendum hennar. Þar kynnti hann handrit æfingarinnar, uppsetningu vettvangs og akstursleiðir að og frá slysavettvangi.

Síðan fóru þátttakendur æfingarinnar út fyrir MÓT og voru þar í viðbragðsstöðu.

Slysavettvangur var uppbyggður á flugbraut 07-25 og Icelandair lagði til flugvél fyrir æfinguna, Boeing 757-200.

Æfingin hófst síðan með því að tilkynnt er um flugvél sem er að lenda á Keflavíkurflugvelli með 45 farþega auk 4 manna áhafnar um borð og tilkynnt hafði verið um sprengju í flugvélinni.

Þá var Neyðaráætlun vegna flugverndar virkjuð og aðgerðir hófust samkvæmt áætlun þeirri. Skömmu eftir landingu varð sprenging um borð í flugvélinni og laus eldur. Þá var Flugslysaáætlun fyrir Keflavíkurflugvöll virkjuð og björgunar aðgerðir hófust. Margir þolendur komust af sjálfsdáðum út úr flugvélinni lítið slasaðir.

Björgunarsveitarnir ásamt sjúkraflutningsmönnum sáu um bráðaflokkun á slysavettvangi og þolendum síðan forgangsraðað í flutning á Söfnunarsvæði slasaðra sem var í flugskýli Icelandair, þar sem starfsfólk Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og björgunarsveitarnir framkvæmdu nánari greiningu og gerðu ráðstafanir um frekari meðhöndlun og flutning á sjúkrastofnanir.

Þeir sem voru skilgreindir grænir voru síðan fluttir á Söfnunarsvæði óslasaðra (Græna svæðið) sem var einnig í flugskýli Icelandair, þar sem Rauði krossinn og björgunarsveitarnir veittu aðhlynningu.

Flutningur á þolendum var að mestu leiti hnökralaus, en samt komu upp þættir sem þarf að yfirfara og lagfæra, sérstaklega stjórnun á hleðslu.

Þegar heildarmyndin er skoðuð þá er ekki hægt að segja annað en æfingin hafi gengið vel að langmestu leiti vel en

Stutt samantekt æfingarinnar

Boeing 757 lendir vegna sprengjuhótunar sem leiðir af sér slys.

Lendir á flugbraut 07-25, þar sem aðgerðir fóru fram.

45 farþegar og 4.manna áhöfn.

1. Nafn:

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Lögregla, slökkvilið, Kef ohf., flugmálastjórn, fulltrúar flugrekenda, björgunarsveitir, slökkvilið, fulltrúar heilsugæslunnar á Suðurnesjum og Rauða Kross Íslands.

3. Hvar var skýrsluritari staddur á meðan á æfingu stóð?

Í aðgerðarstjórnstöð

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur gekk nokkuð vel.

Nokkrir hnökrar voru þó æfingalegs eðlis, þar sem æfingunni var þjófstartað og ekki síður virtist flugturninn ekki vera nægilega upplýstur um sinn þátt og skipulag æfingarinnar. Þurfum að fá fulltrúa frá flugturni inn í aðgerðarstjórn, sérstaklega á fyrstu stigum.

Erfitt reyndist að ljúka æfingunni formlega því að aðilar skráðu sig ekki aftur inn á MÓT að aðgerð lokinni og því ekki unnt að loka æfingunni – spurning hvort sá ágalli sé undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis eða eigi heima undir framkvæmd.

Fara þarf betur yfir það hvort rétt sé að hafa tvær fjarskiptaáætlanir þegar kerfin skarast, en þetta atriði virtist hafa valdið nokkrum ruglingi.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Útkallið í byrjun virtist vera annmörkum háð og að ekki hafi öllum verið fyllilega ljóst hvað var verið að boða. Endurskoða þarf útkall þegar boðað er eftir báðum kerfum, þ.e. flugvernd og flugslys. Þyrfti að koma fram með skýrum hætti hvort verið sé að boða FFK eða FVK. Dæmi um þetta er að björgunarsveitir mættu ekki í aðgerðarstjórn, heldur biðu lengi vel á MÓTUM.

Skráning í aðgerðarstjóraforritið var ekki rétt í byrjun, en það uppgötvaðist nægilega snemma til að valda ekki tjóni.

Ekki lágu fyrir upplýsingar um bjargir lengi vel, enda var skráð í MÓT á forrit sem ekki var uppi í aðgerðarstjórn og því lágu þessar upplýsingar ekki fyrir í alltof langan tíma. Aðgerðarstjórn gat því hvorki séð hvaða bjargir væru komnar né hver staðan væri. Taka þarf upp nánari samráð við björgunarsveitir til að leysa svona mál fyrirfram.

Æfing - Keflavíkurflugvöllur 2009

1. Nafn:

Skúli Jónsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Aðgerðastjórn – Fjarskipti og skráning
Aðstoðaryfirlögregluþjónn í almennri deild lögreglunnar á Suðurnesjum

3. Hvar var skýrsluritari staddur á meðan á æfingu stóð?

Aðgerðastjórn – Fjarskipti og skráning – Bygging 12

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Fjármál. Niðurskurður varðandi mannafla hjá lögreglu. Frí og veikindi lykilmannan á námskeiði, verkþáttastjóra.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Boðun æfingarinnar. Vantaði aðila í upphafi frá Rauða krossi og björgunarsveitinni í aðgerðarstjórn.

Fjarskipti, tvöfalt skipulag, NVF vs FFK. Þrátt fyrir að búið sé að virkja FFK þá þarf lögreglan að vera áfram á NVF. Erfitt fyrir gæslustjóra sem t.d. er með lögreglumenn og aðra undir sinni stjórn á sitt hvorri fjarskiptarásinni. Einnig þarf hann að vera í sambandi

Talstöð í AS hjá Fjarskiptum og skráningu milli AS og turns á tetra, Kef Crash, er í einhverju ólagi.

Yfirtaka FFK á NVF fór ekki rétta boðleið. Fór ekki í gegnum turn.

Í einhverjum tilvikum voru aðilar komnir inn á fjarskiptarás sem eingöngu er á milli AS og VS. Aðhlyningarstjóri var kominn inn á sömu rás.

Beiðnir komu frá VS til AS sem áttu að fara til flutninastjóra.

Þar sem bjargir voru ekki komnar í AS í upphafi gekk erfiðlega að afgreiða beiðni VS varðandi stigabíl, töskukerru og rútu vegna verkefna í tengslum við NVF.

Talning var eitthvað í ólagi en að lokum var hún rétt.

Aðilar handteknir. Þeir sagði vera grænir. Þeir fluttir í fangahús en það það fórst fyrir að láta lækni skoða þá.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Fjöldi manns sem tók þátt í æfingu. Mikilvægt að halda upprifjunarfundi eins og hefur verið. Skrifborðsæfingar mikilvægar þannig að menn þekki sitt hlutverk, tæki, tól, aðgerðarstjórn og fleira.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Mikill áhugi fyrir æfingunni. Menn tóku hana alvarlega.

Talstöðvarsamband milli AS og VS var mjög gott. Beiðnir og afgreiðslur skilmerkilegar.

Æfing - Keflavíkurflugvöllur 2009

1. Nafn:

Ólafur Ásmundsson, Slökkviliðsstjóri-Aðgerðarstjórn.

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Slökkvilið, lögregla, Kef.flv. ohf.,HSS,SSR,RKÍ, landsbjörg.

3. Hvar var skýrsluritari staddur á meðan á æfingu stóð?

Aðgerðarstjórnstöð og á SLY.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur virðist hafa verið nokkuð góður, þó hefði mátt bæta inn fleiri skrifborðsæfingum, eins voru ekki allir aðilar sem tóku þátt í skrifborðsæfingum þeir sömu og mættu á sjálfa æfinguna.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Boðun viðbragðsaðila misfórst að einhverju leyti þ.e. bjargir komu ekki í aðgerðarstjórnstöð fyrr en kallað hafði verið ítrekað eftir þeim.

Vandamál skapaðist við það að fylgjast með skráningu bjarga á MÓT, það mál leystist þegar í ljós kom að aðilar voru að vinna á sitt hvoru kerfinu.

Ekki virðast allir þeir aðilar sem voru í aðgerðarstjórnstöð kunna á forritið aðgerðarstjórnann nægjanlega vel. Upphaflega voru ekki allir að vinna með sömu skrána.

Þegar kom að því að meta hvort óhætt mundi vera að senda björgunarlið inn í hið laskaða flugfar, áttu björgunarstjóri og sérfræðingur frá SSR að framkvæma það mat, hinsvegar var ákvörðunin tekin án samráðs við björgunarstjóra.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur gekk vel og flestir aðilar sem tóku þátt virtust vera vel upplýstir.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Ljóst er að seint verður haldinn sú æfing sem rennur hnökralaust, mikilvægt er að nýta æfingar sem þessa til þess að aðilar læri að vinna saman. Mér sýnist það hafa tekist nokkuð vel að þessu sinni.

Æfing - Keflavíkurlflugvöllur 2009

1. Nafn:
Arnar Steinn Elíson
2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Tveir aðilar úr svæðistjórn björgunarsveita á svæði 2 Arnar Steinn og Björgvin
3. Hvar var skýrsluritari staddur á meðan á æfingu stóð?
Í Aðgerðarstjórnstöð í byggingu 12 á Keflavíkurlflugvelli
4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Það hefði mátt vera búið að undurbúa 112 betur undir æfinguna þar er eitthvað sem fór úrskaiðis í boðun og voru björgunarsveitir ekki boðaðar nógu fljótt á vettvang. Þær voru boðaðar með símtölum áður en SMS komst til skila. Ég hefði samband við samhæfingarstöð í þriggung og ekkert gekk að koma út boðum á sveitirnar.

Ég tel að ef um raun væri að ræða ætti að boða út bjargir á þeim tíma sem að viðbagðsáætlun vegna flugverndar er sett í gang og þá eru bjargir einfaldlega bara settar á biðsvæði bjarga og eru þá bjargir búnar að koma í mót og skrá sig inn áður en eitthvað skeður.

Æfinginn hefði farið betur af stað ef að allir viðbragðsaðilar hafi verið undirbúnir undir æfinguna og er það allveg klárt að æfinginn hefði gegnið betur ef að allir verkþáttastjórar væru með það á hreinu hvert þeirra hlutverk er. En það er jú æfingarnar sem að undirbúa verkþáttastjórnann betur og að sjálfsgöðu var þetta æfing og eins og færgur maður sagði. Æfinginn skapar meistarann.

Á meðna á æfingu stóð var rosalega heitt inni í aðgerðarstjórn og verður að laga það eitthvað. Það voru allir gluggar opnir en samt var rosalega heitt þarna inni. Það er klárlega hægt að laga með því að setja upp viftu eða koma heyrningu á loftið.

Eins var ég ekki ánægður með það í æfingunni að allt í einu fylltist aðgerðarstjórnarrýmið af fólki sem ekki átti klárlega heima þarna. Þetta hafði trúfandi áhrif á mannskapinn sem stýrði aðgerðum þarna.

Vel var staðið að æfingunni í alla staði og var aðstaðan til fyrirmynda.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Fjarskipti er eitthvað sem alltaf er talað um en það er nú þannig í aðgerðarstjórn að við höfum okkar fjarskiptamenn sem að svara fyrir okkur og þurfum við að koma okkar skilaboðum til þeirra í gegnum aðgerðarstjórna í tölvutæku formi. Þetta finnst mér alls ekki ganga. Þetta er seinlegt og kjánalegt í alla staði. Ég var að heyra beiðni koma um bjargir á vettvangi í gegnum tetra stöð sem ég var með í eyranu og um 5 min seinna þá fæ ég beiðni í aðgerðarstjóranum og þá var ég búið að redda björgunum. Þetta er hægt að leysa með því að hver verkþáttur hefur fjarskipti í sitt eyra og er þá bara kallað í þann verkþátt. Ef að hann svara ekki þá er fjarskiptamaður sem getur tekið hitt. Einnig verða fjarskipti á milli aðhlyningarstjóra og sjúkra og fjöldahjálpi í aðgerðarstjórn að fara fram á sér talhóp útaff yrir sig. Og einnig verður heilbrigðisgeirinn að kunna að nota fjarskiptartæki.

Vettvangur var að kalla eftir björgum sem þegar voru á vettvangi eins og rútur sem að voru þá þegar á vettvangi. Það má laga svoleiðis. Einnig hafði flutningstjóri enga yfirsýna á það sem að hann var með í mót og hvaða tæki hann hafði hvar.

Klárlega hefði verið meira að björgum ef um alvöru væri að ræða en ég var búið að gera klárt fyrir það að þurfa fullt af björgum starx á staðinn og var búið að setja flugvélar og tæki á hold allstaðar þegar að æfingu er lokið.

Talning á björgum fór úrskaiðis og ég er annsi hræddur um það að það verði þannig ef að bjargir fara ekki í gegnum mót og er ekki að skrást út í mót. Þar missti flutningstjóri og bjargir allveg yfirsýn.

Eitthvað sem þarf að laga. Einnig er það þannig að eitthvað þarf að skoða fjarskiptarskipulag vegna viðbragðsáætlunar á flugvernd. Það er ekki hægt í svona stórri aðgerð að þurfa að snúa öllu lögregluliðinu yfir á aðra talhópa sem eru í FFK. Það tekur langan tíma. Mjög langan tíma.

Eins þarf að laga svólítið samskipti við vettvang og er ekki mikið sem að vettvangstjóri það okkur um. Kannski var það af því að hann hafði nóg af björgum á svæðinu. Nú bara veit ég það ekki.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Aðgerðarstjórar og verkþættir innan aðgerðarstjórnar voru vel saman stilltir en eitthvað þarf að laga það að allir þekkja ekki alla þarna.

Aðgerðarstjóri var vel með á nótunum g fylgdist vel með og fær hún því hrós skilið fyrir það að standa sig. Hún var að fylgjast vel með og tók vel eftir öllum og hvað allir voru að gera

Haldinn var rýnifundur í aðgerðarstjórn og heppnaðist hann vel. Eina sem er að það þarf að vera rýnifundur oftari í svona aðgerðum.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Samhæfingarstöð stóð pliktina vel og var vel með á nótunum. Eina sem kannski fór úrskaiðis að það var samskiptinn á milli verkþátta þar. Ég t.d það um flugvél til að vera standby til að flytja á akureyri og þá fór sjúkra og fjöldahálp að kvarta yfir því að það þyrfti ekki. Hún var bara standby og það er betra að hafa hana svoleiðis heldur en ekki. Þetta á samhæfingarstöð að vita. Annar stóðu þau sig rosalega vel.

Ari Gylfason (FMS) er maður sem fær hrós skilið. Hann stóð sig eins og hetja í MÓT og skráði biður bjargir eins og herforingi og ég gat alltaf treyst á þann mann og er skráning í forritið góða í GOOGLE DOCS eitthvað sem er okkur í bjargir í aðgerðarstjórn mikilvægt verkfæri. Þar höfum við góða yfirsýna á það sem við höfum af björgum með það til hliðsjónar hvað við þurfum af björgum. Eina sem var við það að laga má skráning á sjúklingum út og einnig þegar bíll kemur aftur að þá þarf aftur að skrá hann því að með öllum líkindum er bíllinn notaður aftur og fer þá með annan sjúkling með sér.

Svona æfingar þurfa að vera oftari og tíðari þetta er nauðsynlegt fyrir alla viðbragðsaðila til að fólk viti hvað við erum að gera allir saman.

Æfing - Keflavíkurflugvöllur 2009

1. Nafn:
Sigurður Bergmann
2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Vettvangsstjóri
3. Hvar var skýrsluritari staddur á meðan á æfingu stóð?
Vettvangsstjórabifreið
4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningurinn var full mikill að mínu mati. Búið var að forskrifa menn í hlutverk auk þess sem haldnar voru skrifborðsæfingar sérstaklega fyrir þessa æfingu..

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Boðunin til björgunarsveita fór úrskeiðis og varð einhver bið eða tafir á æfingunni af þeim sökum. Kom þó ekki að sök nema hvað þeir sem léku slasaða og voru staðsettir á flugbrautinni varð nokkuð kalt.

Samræma þarf fjarskiptaskipurit þeirra viðbragðsáætlana sem í gildi eru fyrir Keflavíkurflugvöll. Ófært að þurfa að skipta á milli fjarskiptaskipurita í miðri aðgerð á einhverjum tímamarki þegar ein viðbragðsáætlunin tekur yfir þá fyrri.

Spurning hvort verkþáttastjórar þurfi ekki að byrja á því að funda með vettvangsstjórn í staðinn fyrir að gefa sig fram í fjarskiptum. Þannig fengist strax betri tenging milli manna og samskipti væntanlega betri og meiri í kjölfarið. Síðan væri æskilegt að vettvangsstjórn og verkþáttastjórar tækju stöðumat (gæti verið um fjarskipti) á klukkustundar fresti.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur var góður, fullmikill eins og að framan er getið.

Spurning hvort ekki sé kominn tími á að keyra á æfingu þar sem þátttakendur fá ekki jafn góðan undirbúning. Sjá hvernig slík æfing kæmi út. Sérstaklega yrði fróðlegt (og lærdómsríkt) að sjá hvernig mætingin yrði og hvernig skipulagið við að manna í stöður gæslu- og flutningsstjóra kæmi út.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Æfingin í heild sinni gekk þokkalega. Við í vettvangsstjórn gleymdum reyndar að halda reglulega stöðufundi á klukkustundar fresti.

Æfing - Keflavíkurflugvöllur 2009

1. Nafn:
Ólafur Ingi Jónsson
2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Brunavarnir Suðurnesja / Svæðisstjórn
3. Hvar var skýrsluritari staddur á meðan á æfingu stóð?
Vettvangsstjórn
4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Fjarskipti Nota uppkalsrásir . einingar seinar að fara á sínar vinnurásir, Verkefnastjórar gleymdu að svissa.

Fastsetja stjórnun í einstökum verkstöðvum.(Björgunarst. Vettvangsstjórn).

Flutningsstjóri þarf að vera færánlegur og hafa aðila á sínum póstum (MÓT. BSH, SSS) Gæslustjóri eða einhver þarf að stjórna flutning frá SLYS að SSS.

Verk plan var að skerast

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Æfing gekk vél. þar sem æfingin var sett upp sem stórt útkall en ekki kallað út nema lítið útkall það er 60 sjúklingar, gengu hlutirnir hratt og vel.

Sjúklingar stóðu sig vel og voru mjög virkir í aðgerðum.

Skráning í Mót gekk vel.

Æfing - Keflavíkurflugvöllur 2009

1. Nafn:
Stefán Björnsson, aðstoðarslökkviliðsstjóri – Vettvangsstjóri.
2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Vettvangsstjórn.
3. Hvar var skýrsluritari staddur á meðan á æfingu stóð?
Vettvangsstjóra bíl á slysstað.
4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Verklagsreglur fyrir vettvangsstjórn virðast ekki vera til staðar og vinnuumhverfi ekki hagstætt fyrir góð samskipti innan vettvangsstjórnar og bitnar það hugsanlega á yfirsýn yfir vettvang og aðgerðir.

Misvísandi skilningur á hagstæðri staðsetningu mannskaps og búnaðar lýsti sér í því að slökkvilið staðsetti sig, eðlilega, vindmegin við flugvélin, en vettvangsstjórn og sérsveit lögreglu var nánast hlémegin.

Vettvangsstjórn þarf ekki að vera eins nálægt slysstað og raun bar vitni. Hún hefði að mínu mati, mátt vera staðsett á „Charlie“, við Stöð II (1708).

Talningu virtist ábótavant og Gæslustjóri lengi vel í röngum talhópi, þar sem láðist að kunngera þegar FFK var virkjuð.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Mikil umferð er á Av-Sn-2 talhóp og þyrfti með einhverju móti að virkja betur samskipti verkþáttastjóra á Av-1/2/3/4, þannig að löng bið skapist ekki á Sn-2. Til að það geti gengið upp þurfa verkþáttastjórar tvær TETRA stöðvar hver. Annars þyrfti hver verkþáttastjóri að hafa sinn málsvara í vettvangsstjórn.

Innri lokun á slysstað mætti miðast við staðsetningu Björgunarstjóra hverju sinni.

Þegar sérsveitin hefur tryggt vettvang gagnvart sprengjum, ætti hún aðeins að fara á innra lokunarsvæði í samráði við Björgunarstjóra. Það á reyndar einnig við um alla aðra. Björgunarstjóri þarf að hafa yfirsýn yfir innri lokun.

Gefa þarf upp vindátt við boðun útkalls þannig að viðbragðsaðilar geti staðsett sig samkvæmt því, til að verjast hættulegum efnum og reyk.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Miðað við umfang æfingarinnar var undirbúningur góður, að mínu mati og kynningu gerð góð skil, eins og vænta mátti, enda áhugavert verkefni.

Þeir aðilar sem komu að skipulagningu eiga mikið skilið hrós fyrir.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Fjarskipti virkuðu nokkuð vel, en þau má bæta, eins og áður er nefnt.

Gæta þarf að því að allir sem tengjast stjórnun á vettvangi fái tækifæri til að taka þátt í skipulögðum æfingum, en misbrestur hefur verið á því af ýmsum ástæðum.

Sennilega þyrfti einhvernvegin að koma á nánara sambandi milli slökkviliðs og lögreglu, þar sem mikil dulúð virðist umlykja störf lögreglu og oft erfitt að ræða mál af þeim sökum.

Flugslysaæfingin á Keflavíkurflugvelli 2009 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari.
Gæslustjóri	Sæmundur Alexandersson
2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni	
Gæslustjóri sinnti innri og ytri lokunum á vettvangi ásamt að sjá um talningu þolenda.	
3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?	
Við slysstað og á söfnunarsvæðum-færanlegur eftir þörfum.	
4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.	

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Æfðar voru tvær viðbragðsáætlanir. Neyðaráætlun vegna flugverndar og Flugslysaáætlun fyrir Keflavíkurflugvöll og höfðu sitt hvort fjarskiptagrunnskipulagið og olli það talsverðum ruglingi og erfiðleikum í samskiptum.

Tilkynning um að skipt hafi verið um fjarskiptarásir bárust seint til Gæslustjóra og ekki fyrir en undir lok æfingarinnar til Flutningastjóra. Enda hafði fjarskiptaskipulagið verið illa kynnt.

Við slysstað þar sem ég tel að hafi átt að æfa flæði og skilvirkni þá fór það ofan garðs og neðan vegna ofleiks þolenda. Það þurfti að elta þá um allan móann til að hafa hemil á þeim og voru of margir lögreglumenn sem áttu að sinna í innri lokun og talningu uppteknir við það.

Betri stjórnun vantaði á hleðslu þolenda í flutning frá SLY.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Tölur um fjölda þolenda sem sendar voru í SMS skilaboðum reyndust ekki vera réttar og síðan var leiðrétting ekki send til Gæslustjóra og því bar tölum um fjölda þolenda ekki saman við uppgjör talningar.

Lögreglumenn í talningu höfðu ekki fengið leiðbeiningar um bráðaflokkunarkerfið og notkun greiningaspjalda.

Tilkynning um að settir hafi verið upp umferðarpóstar á leiðinni frá SLY að SSS barst ekki til Gæslustjóra. En það ber að kalla eftir fylgd flugöryggisvarða á björgunartækjum, hafi umferðarpóstar ekki verið settir upp.

Vettvangsstjórn miðlaði ekki nægilega vel upplýsingum til Gæslustjóra.

Æfing - Keflavíkurflugvöllur 2009

1. Nafn:
Pórður Kristjánsson, aðstoðarslökkviliðsstjóri - Björgunarstjóri
2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Slökkvilið Keflavíkurflugvallar, Slökkvilið Sandgerðis, Slökkvilið BS og Björgunarsveitin Suðurnes
3. Hvar var skýrsluritari staddur á meðan á æfingu stóð?
Var Björgunarstjóri – Staddur á slysstað (SLY)
4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Ég tel að undirbúningur hafi verið allgóður – spurning hvort rétt væri að hafa fleiri skrifborðsæfingar og þá að gæta þess um leið að sem flestir er vinna vaktavinnu fái tækifæri til að taka þátt í slíkum æfingum. Það er líka mikilvægt, hvað slökkviliðið varðar, að þess sé gætt, að sama vakt sé ekki ávallt á vakt, þegar stóræfingar eru. Ástæðan fyrir því að ég nefni þetta er sú, að þetta er þriðja stóra æfingin í röð frá árinu 2004, sem B-Vakt er að vinna. Ekki svo að skilja, að við höfum eitthvað á móti því að fá þjálfunina, þvert á móti, en það kemur að sama skapi niður á hinum vöktunum þrem.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Hvað framkvæmdina varðar, þá óskaði ég í upphafi eftir því við Vettvangsstjórn, að okkar helstu samstarfsaðilar, (sjá lið #2), yrðu sendir á SLY strax og þeir mættu í MÓT. Samkvæmt upplýsingum frá Slökkviliði Sandgerðis var þessari ósk ekki komið á framfæri við þá fyrr en u.þ.b.

10 mínútum eftir að þeir mættu í MÓT. Þetta má bæta í framtíðinni.

Sjúkraflutningsmenn frá BS komu inn í flugvélina óumbeðnir, en þeir voru ekki í slökkviliðsbúningi og höfðu því ekki heimild til veru á þeim stað. Þeir hófu einnig frumgreiningu á slösuðum inni í vélinni, sem ekki er rétti staðurinn, sérstaklega ekki þegar sprenging hefur átt sér stað og fleiri sprengingar jafnvel yfirvofandi.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Góður fyrirvari var á æfingunni og hún ýtarlega kynnt fyrir þátttakendum áður en alvaran hófst.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Strax í byrjun var lögð var áhersla á að þátttakendur væru meðvitaðir um alla framkvæmd og að lögð væri áhersla á rétt og fumlaut vinnubrögð fremur en hraða.

Í heildina fannst mér æfingin takast mjög vel og skila góðum árangri.

Æfing - Keflavíkurflugvöllur 2009

1. Nafn:

Hjálmar Hallgrímsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Flutningsstjóri

3. Hvar var skýrsluritari staddur á meðan á æfingu stóð?

Í Mót

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Fjarskiptin ekki í lagi. Flutningastjóri var með stöð stillta á Avsn2 til að móttaka beiðnir frá vettvangsstjóra og fl. Björgunaraðilar sem á áttu að vera á Av-4 voru ekki með hlustun á þeirri rás samkvæmt grunnskipulagi fjarskipta.

Flutningastjóri hefur ekki sýn yfir bjargir og er það ekki nógu gott.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Það fólk sem var að vinna á Mót bæði við skráningu og annað stóð sig vel í æfingunni.

Æfing - Keflavíkurflugvöllur 2009

1. Nafn:

Brunavarnir Suðurnesja (Greiningarsveit B.S)

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Forgreining á skaðsvæði, sjúkraflutningar

3. Hvar var skýrsluritari staddur á meðan á æfingu stóð?

Á slysavettvangi og í skýli söfnunarsvæði slasaðra

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Okkur í greiningarsveit B.S fannst allt of seint kallað í okkur inná slysstað. Teljum okkur hafa verið betur búid að komast nærri slysstað þannig greiningarsveitin hefði getað haft smá yfirsýn yfir slysavettvanginn áður en leyfi var gefið að vettvangur var tryggður og hefja mætti björgunaraðgerðir. Með þessu hefði leið okkar verið mun styttri að slysstað þegar grænt ljós var gefið um að hefja mætti björgunaraðgerðir og greiningarsveit B.S komist með þessu móti mun fyrr inná slysstað heldur en raunin varð. Til að mynda voru nokkrir flutningsaðilar komnir á slysavettvang á undan greiningarsveit B.S.

Vantaði betra skipulag á slysavettvangi fyrir greiningarsveit frá B.S. Áttum að hafa samband stjórnanda frá Slökkviliði Keflavíkurflugvallar en en gekk bæði mjög illa og seint að ná í þann aðila. Fengum t.d engin greiningarspjöld er við komum á staðinn eins og talað var um fyrir æfinguna. Hefði líklega verið betra að koma þeim í hendur greiningarsveitanna um borð í sjúkrabílinn þegar við vorum á biðsvæði björgunaraðila (Mót). Heyrðum einnig af því eftir á að greiningarsveitin átti aldrei að fara um borð í flugvélin þar sem slökkviliðsmenn S.K. voru að störfum. Eins mátti betur fara með stjórnun á flutningi slasaðra frá slysstað að sss. Einn að starfsmönnum greiningarsveitar B.S var farin að skipuleggja flutning slasaðra frá slysstað að sss.

Þá var stundum búid að breyta spjöldum á greindum sjúklingum úr rauðu í græna því þeir vorum á fótum, er þeir voru komnir í söfnunartjaldið á slysavettvangi. Við endurmat greiningarsveitar B.S voru sumir af þessum sjúklingum en í rauðir og áttu því að vera í forgangi 1. Passa þarf að aðilar utan greiningarsveitar séu ekki að breyta forgangsröðun sjúklinga nema með samþykki eða samráði við greiningarsveit B.S.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Huga mætti að því hvort stjórnandi frá Brunavörnum Suðurnesja ætti ekki að vera flutningsstjóri frá slysavettvangi að söfnunarsvæði slasaðra þar sem starfsmenn B.S eru bæði í forgreiningarvinnu á slysstað og höfum töluverða reynslu í stjórnun í hópsslysi.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Fannst í heildina björgunaraðilar standa sig ágætlega miðað við stærð útkallsins, þar sem ekki virtist allt tiltækt björgunarlið kallað út vegna fjárskorts eða í sparnaðarskyni.

Vel hugað að björgunaraðilum með kaffimeðlæti og mat eftir á.

Skráningarspjöld sem við skyldum eftir í Mót voru góð, gaf upplýsingar um flutningsgetu, tækjakost og menntunarstig björgunaraðila á viðkomandi sjúkrabílum B.S.

Æfing - Keflavíkurflugvöllur 2009

1. Nafn:

Björgunarsveit á svæði 2

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Flutning slasaðra.

3. Hvar var skýrsluritari staddur á meðan á æfingu stóð?

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Stjórnun á slysstað með flutning á slösuðum.

Mótt taka á SSS þarf að skipuleggjast betur.

Vinnurásir flutningsstjóra ekki virk.

Merkja betur Flutningsgetu flutningstækja. A B C bílar.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Samskipti við mót var góð.

Bæta samskipti flutningsstjóra frá slysstað.

Æfing - Keflavíkurflugvöllur 2009

1. Nafn:

Jón Valgeir Guðmundsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Svæðisstjórn á svæði 2

3. Hvar var skýrsluritari staddur á meðan á æfingu stóð?

Mót og Vettvangsstjórn

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Fjarskipti hefðu mátt fara betur og menn hefðu mátt nota réttu vinnu rásir.

Flutningsstjóri hefði mátt gera betur til dæmis, Greiningaspjöldin voru ekki nógu vel útfyllt og afrífan á ekki að rífa af fyrir það komið er í mót. Gæslustjóri hefði mátt vera í meira sambandi við flutningsstjóra. Björgunartæki voru ekki notuð rétt, til dæmis voru notuð sexhjól til flutnings þó nóg væri af bílum sem voru tilbúnir í flutning og hefðu farið mun betur með sjúkling. Það hefði mátt vera aðstoðarmaður fyrir aðhlyningarstjóra til að sjá hvaða tæki þeir hafa til flutning hjá sér til að minnka álag á honum.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Okkur finnst að flutningsstjóri og skráningastjóri ættu að vera sitt hvor staðan og flutningsstjóri ætti að vera staðsettur á plani hjá tækjum til að hafa yfirsýn á hvaða tæki hann hefur í höndunum og skráningastjóri ætti eingöngu að sjá um skráningu á tækjum og mannskap inn og út af svæði

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Æfing gekk hratt fyrir Upplýsingaflæði milli manna í byggingu 12 var mjög góð.

Hópaspjöldin voru mjög góð, skráning björgunarliðs gekk mjög vel. Ekkert gjamm í fjarskiptum.

Æfing - Keflavíkurflugvöllur 2009

1. Nafn:
Björgunarsveitin Suðurnes
2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Hópstjórar Björgunarsveitarinnar Suðurnes
3. Hvar var skýrsluritari staddur á meðan á æfingu stóð?
Á skaðasvæði og á SSS
4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.</u>

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Útkallið barst frá neyðarlínu þegar sveitin var komin á skaða svæði – ÚRBÆTUR kall út miklu fyrir heldur en hefur verið gert á undan förnum útköllum eða æfingum, og þessari æfingu.

Dagskrá æfingarinnar kemur of seint á yfirborðið. Og umsjónarmenn unglíngadeilda fannst seint til þeirra leitað fyrir undirbúning æfingarinnar, m.t.t sjúklinga.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Eindregin ósk okkar hjá Björgunarsveitinni Suðurnes er að þegar flugvarnaráætlunin er virkjuð að við séum virkjuð.

Biðin á MÓT tók of langan tíma, þrátt fyrir ítrekaða eftirspurn frá Björgunarstjóranum um að fá Björgunarsveitina Suðurnes inn á skaðasvæði. Og vorum stoppaðir af flugvallaröryggisverðum sem vildu ekki hleypa okkur inn, vegna samskiptaleyssi sinna yfirmanna á milli. ÚRLAUSN-þarf að bæta samskipti flugvallaröryggisvarða og björgunarstjóra, og einnig flutningsstjóra.

Skaðasvæði: Heildaryfirsýn á skaðasvæði, var engin, (flutningur frá skaðasvæði á slösuðum, frumgreining á slösuðum í vélin og niður í tjald var engin, staðsetningin á tjöldum sveitarinnar okkar, sjúkratjöldin, voru ekki á réttum stað hefðum átt að vera lengra frá-fyrir aftan, vegna flugverndar áætlunar.)

Slökkviliðið á keflavíkurflugvelli koma ekki með böruvagna inn í sjúkratjöldin vegna umfangs síns, taka gríðarlega mikið pláss.

Of mikið af bílum á skaðasvæði sem voru verkefnalausir, að bíða eftir flutning til SSS með slasaða.

SSS: Við komu á SSS þurfa ALLIR að vera meðvitaðir um það að skráning má ekki framhjá skráningu inn og út. Mjög mikilvægt er að allir geri sér grein fyrir þessu ferli, þeir sem koma að því (Bílstjórar).

Afmörkun svæðis verður að vera til staðar fyrir greiningar og yfirsetu hópa sveitarinnar. Þá erum við að tala um keilur og borða sem skýrt og greinilega marka okkar svæði. Og einnig inn og út skráningu. Þetta einfaldar vinnuna talsvert og kemur í veg fyrir misskráningu.

Grænir sjúklingar mega alls ekki vera í sama húsnæði og SSS, það þarf að vera alveg ljóst (vegna skyldmenna og andlegs ástands sjúklinga).

Þörf er á öðrum talhóp í fjarskiptum, milli hleðslustjóra sjúkrabifreiða og slysa og fjölda hjálpar í aðgerðastjórnar (starfsmenn heilbrigðisgeirans) til að upplýsingaflæði um ákvörðun hvert sjúklingar skulu fluttir frá SSS til viðeigandi sjúkrahúsa, gangi betur fyrir sig.

Ítrekað var beðið um aðstoð við böruburð á SSS og fékkst aldrei.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Þegar dagskráin var afhent okkur þá voru inni hús áætlun ákvörðuð, og mun vera unnið að og virkjuð þegar svona á sér stað. Og var unnið eftir því skipulagi sem kom sér vel að notum.

Þeir sem sáu um sjúklingana stóðu sig afar vel að hugsa um þau og þeirra líðan. Yfirsýn þeirra virtist vera í mjög góðum höndum.

Skipulagið fyrir okkur sem björgunaraðila var vel skilgreint.

Handritið af æfingunni virtist vel úthugað og gerði raunveralegan blæ á atburðina.

Samstarf björgunarsveitarinnar og starfsfólksins sem voru á SSS (ITS fólk) gekk mjög vel og greiðlega.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Rennslið á fjarskiptum á meðan æfingunni stóð gekk greiðlega.

Ökumenn á sjúkrabílum BS buðu fram aðstoð inná SSS þegar á flöskuháls kom þegar flytja átti sjúklinga af SSS og á spítalana. Sem kom sér vel af notum.

Flutningur gekk vel þegar hann fór að stað.

Skráning inn og út á SSS gekk vel. Lögreglan hafði góða yfirsýn einnig yfir hlutunum og var þar af leiðandi tvöfalt system sem staðfesti góða vinnu.

Samstarf starfsfólks í HSS og björgunarsveitarinnar gekk mjög vel og fögnum við því samstarfi.

Samstarf með ördum björgunaraðilum, lögreglu, slökkviliði og RKÍ gekk mjög vel og viljum við taka það fram. Með vilja og þökk á áframhaldandi samstarfi þessarar áætanna í framtíðinni.

Æfing - Keflavíkurflugvöllur 2009

1. Nafn:
Rut Þorsteinsdóttir Ásdís Johnsen
2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Greiningasveit
3. Hvar var skýrsluritari staddur á meðan á æfingu stóð?
Söfnunarsvæði slasaðra
4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Ábótavant var að allir sem ætlað er að koma að slíku slysi tóku ekki þátt í henni eins og læknar. Vantaði fleiri burðarmenn til að flytja slasaða frá greiningasveit á biðsvæði af því leiddi löng bið. Vantaði ritara til að sjá um að fjarskipti – kalla á burðarmenn – og skrá niðurstöður greiningarsveitar.

Æfing - Keflavíkurflugvöllur 2009

1. Nafn:

Rauða Kross deild Grindavíkur og Suðurnesja

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Söfnunarsvæði slasaðra (Grænasvæði)

3. Hvar var skýrsluritari staddur á meðan á æfingu stóð?

Söfnunarsvæði slasaðra (Grænasvæði)

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

- a) Skráning þolenda inn á SSS var ábótavant.
- b) Söfnunarsvæði slasaðra var allt of seint mannað. Greiningarsveit og aðhlyningarstjóri komu seint á svæðið.
- c) Grænasvæðið er í minnsta lagi til að taka móti hópi fólks úr stór slysi til að hlúa að því og ekki heppilega staðsett miðað við aðkomu að því.
- d) Flutningar þolenda frá grænasvæðinu mætti undirbúa betur með að hafa tilbúna rútu á staðnum.
- e) Skipuleggja þarf betur húsnæði grænasvæðis (Sálgæslu, lækni skoðunar o.fl.)

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur fyrir æfinguna var góður og vel skipulagður af hálfu RKÍ.

- a) Námskeið fyrir fjöldahjálparstjóra
- b) Námskeið í sálrænni skyndihjálpi
- c) Farið yfir notkun á Tetra talstöðvum
- d) Farið yfir notkun á greiningarspjöldum
- e) Farið í yfir verþátt Rauða Krossins í Flugslýsaáætlun
- f) Farið í vetfangsskoðun um SSS og grænasvæðið
- g) Aukið samvinnu á milli aðila RKÍ (Suðurnesja og Grindavíkurdeildar, ITS, Icelandair o.fl. aðila.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Áframhaldandi námskeið vor og haust um verkefni Rauða Krossins í flugslysa- og flugverndaráætlun Keflavíkurflugvallar.

- a) Auka samstarf og samvinnu milli aðila er koma að verkefni með Rauða Krossinum í áætluninni.
- b) Skráning þolenda í nýtt tölvuforrit tókst vel.
- c) Öryggisverðir ITS stóðu sig mjög vel og höfðu allt tilbúið strax í byrjun og greiddu leiðir okkar um húsakynnin.
- d) Fulltrúar flugrekanda mættu strax á grænasvæðið og tóku þátt í leysa verkefnið.
- e) Haldin var rýmifundur strax eftir æfinguna.
- f) Fundur var síðan haldinn með Suðurnesja og Grindavíkurdeild í Grindavík 27. Apr. Sl. sem farið var yfir verkefni Rauða Krossins í æfingunni og skýrslugerð.

Æfing - Keflavíkurflugvöllur 2009

1. Nafn:

Jóhann Gestur Jóhannsson, Aðalvarðstjóri.

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Flugleiðsögusvið.

3. Hvar var skýrsluritari staddur á meðan á æfingu stóð?

Í flugturni

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Skipulag áætlunar ókynnt í flugturni. Engar upplýsingar lágu fyrir þegar sprengjuhótun barst í flugturn um hver hugmynd stjórnenda æfingar var um flugvél þá er við átti. Þar sem tiltekin æfingaflugvél er ekki í kerfi flugumferðarþjónustunnar, þarf að upplýsa þá er boða ástand neyðar um tilbúnu flugvélinu s.s. flugleið, áætlaðan landingartíma, fjölda farþega um borð og staðsetningu þegar tilkynning um sprengju um borð berst.

Mjög klúðurslegt að þurfa að kalla þjargir tvisvar að sömu flugvélinni vegna þess að ekki var vitað um hvenær æfing átti að byrja við flugvélinu.

Sprengjuhótun ekki í samræmi við áður skipulagt plan. Fyrst átti að boða Hættustig stórt og eftir landingu átti sprengja að springa í flugvélinni og þá að boða Neyðarstig stórt. Áður en flugvél lendir er búið að virkja Neyðarstig stórt á Flugverndaráætlun fyrir KEF???

Ef flugturn fær upplýsingar eins og komu fram í sprengjuhótuninni að sprengja muni líklega springa áður en flugvél lendir, munum við auðvitað virkja Neyðarstig stórt og þá staðsetning gefin upp SJÓR, en ekki Hættustig stórt. Þá koma aðrir aðilar að björgun og var það ekki samkvæmt fyrirætlan undirbúningsaðila þessarar æfingar. Þjálfar átti þjargir á svæðinu.

Þarna stangast á raunveruleiki og æfingaráætlun.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Samskipti á TETRA KEF CRASH við aðgerðarstjórnstöð gengu mjög illa vegna þess að illa heyrðist í stöðinni.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Sprengjuhótun var mjög eðlileg og vel leikin.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Öll samskipti við björgunaraðila og þá sem óku um flugvöllinn gengu vel, þrátt fyrir tvöfalt útkall.

Staðsetning æfingar var mjög hentug, þ.e. á brautarenda 07.

Æfing - Keflavíkurflugvöllur 2009

1. Nafn:
Sævar Þ. Jenson / Ágúst Þ. Skarphéðinsson
2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
ITS Security
3. Hvar var skýrsluritari staddur á meðan á æfingu stóð?
Við móttöku hurð (innkeyrsludyr A-skýli.)
4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.</u>

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Móttaka slasaðra : Vantaði fólk til að flytja slasaða frá sjúkraflutningabifreiðum; samt var mikið af fólki til taks,sem virtist vanta verkefni,en hafði ekki frumkvæði til að láta hendur standa frammúr erum.

(Lögregla og Öryggisvörður ITS voru komnir í verkefnið.)

Þeir sem unnu við flutningana unnu hratt og vel,en höfðu ekki undan að flytja slasaða frá sjúkraflutningabifreiðunum.

Móttaka óslasaðra : Of fátt fólk var í móttöku óslasaðra að hluta til vegna þeirra löngu leiðar sem þurfti að fara með fólkið;um sömu dyr og slasaðir og skýlið á enda upp í matsal,einnig er mikið andlegt álag fyrir fólkið bíða tímunum saman í rútu við móttökudyr slasaðra.

Of margir bílar á bílastæði við austurgafli skýlisins;voru fyrir sjúkraflutninga og lögreglu bílunum.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Móttaka slasaðra :Sviðsstóri þarf að hafa völd og framtak til að sjá til þess að allt tiltækt fólk vinni við verkefnið. ("Of margir áhorfendur".)

Móttaka óslasaðra : Fara með fólkið út um hlið Nr.2 og inn í skýlið um aðaldyr að vestanverðu,það er stysta leið upp í matsal.

Fækka þarf bílum ITS sem og öðrum bílum á stæði við móttökudyr.

(Það mun vera verkefni Öryggisvarða ITS í samvinnu við vakthafandi verkstjóra í skýli að sjá um að bílar ITS séu ekki fyrir; aðrir bílar hljóta að vera á ábyrgð verkefnisstjóra.)

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Þeir sem unnu við flutningana frá sjúkraflutningabifreyðunum unnu hratt og vel,en höfðu ekki undan að flytja slasaða vegna manneklu.Einnig voru þeir sömu menn mjög skipulagðir og fljótir við endanlegan frágang á athafnasvæði fyrir flokkun og móttöku slasaðra í skýlinu.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Öryggisverðir ITS tóku myndir af endanlegri uppsetningu athafnasvæðis fyrir flokkun og móttöku slasaðra og mun uppsetningin vera færð inn á teikningu af skýlinu,teikningin mun verða til taks hjá Öryggisvörðum.

Skýrslur æfingarstjóra og ráðgjafa.

1. Nafn:

Sigurður M. Ágústsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Æfingastjórn

3. Hvar var skýrsluritari staddur á meðan á æfingu stóð?

Aðgerðarstjórn og hjá flutningsstjóra

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Að mínu mati var undirbúningur góður, haldnar skrifborðæfingar með aðgerðarstjórn, vettvangsstjórn og verkþáttarstjórum.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Fjarskiptaskipurit þarf að sameina í eitt fyrir viðbragsáætlanirnar.

Brýna þarf fyrir verkþáttastjórum að funda með starfsfólki sínu áður en það fer út á vettvang. Þeir þurfa að fara yfir einstaka verkþætti með sínu starfsfóli, hver á að gera hvað, og fara yfir fjarskiptaskipurit.

Skoða þarf hvort ekki eigi að boða í aðgerðarstjórn eftir flugslysaáætlun KEF þegar neyðaráætlun flugverndar er virkjuð. Einnig þarf að skoða boðun hjálparliðs þegar neyðaráætlun flugverndar er virkjuð.

Í æfingu eins og þessari þar að gæta að því að flutningstæki fari á biðsvæði þegar þau hafi lokið störfum á vettvangi. Í þessari æfingu var of mikið um að flutningstæki lögðu fyrir framan SSS þegar búð var að skila sjúklingi af sér.

Spurning hvort flugstjórar og eftir atvikum flugmenn eru þjálfaðir í að taka á móti sprengjuhótunum eða flugránum.

Æfing - Keflavíkurflugvöllur 2009

1. Nafn:

Valgeir Ásgeirsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Eftirlit og umsjón æfingar

3. Hvar var skýrsluritari staddur á meðan á æfingu stóð?

AS; MÓT, SSA og fl.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

1. Vantar mannafla í umsjón með æfingu (rútur matur flutningar og margt fleira)
2. Útkall og handrit hefði mátt vera í fastari skorðum
3. Skilti SSS var ekki sett upp?
4. Neyðarhlið 4 var opnað í stað þess að opna hlið 3, var leiðrétt seinna í æfingunni
5. Samband á milli Flugöryggisvarða og umsjónarmanna æfingar vantaði vegna flutninga á leikurum, gestum og fl. varðandi fylgd á svæðinu, vantar fleiri TETRA talstöðvar
6. Samband milli flugöryggisvarða og flutnings-gæslustjóra var ábótavant (stafar sennilega af því að menn vissu ekki í hvern átti að kalla, þarf að bæta inn fjarskiptaplan sem **vörður**)
7. Fjarskipti voru nokkuð ruglingsleg á milli stjórnara og þeirra undirmanna
8. Í AS var nokkuð mikið af fólki, og nokkrir ómerktir eða höfðu ekki hlutverk?
9. Gagnagrunn á MÓT þarf að vera betri

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Þjálfar þarf fjarskiptaplan og útskýra hvernig það er hugsað á skrifborðsæfingum í framtíðinni

Að það verði aðeins eitt fjarskiptaplan fyrir FFK og NVF

Að setja alla talhópa æfingarinnar inná talhóp **KEF ALLIR** þ.e.s. AV-SN1, AV-SN2, AV1 til 4 KEF VERDIR 1, KEF CRASH og AV-talhópur stjórnenda, þetta mun gera stjórnendum kleift að stýra og stjórna æfingunni mun betur.

Spurning hvort allir þessir talhópar megi vera alltaf saman undir KEF ALLIR?

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Leikarar og umsjónar menn þeirra voru til fyrirmyndar með allan undirbúning og förðun.

Annars held ég að þessi æfing hafi gengið mjög vel miðað við að þarna var verið að æfa tvær áætlanir saman FFK og NVF

Æfing - Keflavíkurflugvöllur 2009

1. Nafn:
Íris Marelsdóttir, avd-rls
2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
3. Hvar var skýrsluritari staddur á meðan á æfingu stóð?
Á slysstað og á SSS
4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.</u>
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
Meiri upplýsingar til þátttakenda fyrir æfingu, það er fræðsla til allra. Vantaði betri aðstöðu fyrir fundarhöldin í upphafi og lokin. Aðstaðan sem var í boði var of köld og eins var glymjandi, engir stólar, engin borð til að matast við. = falleinkunn fyrir þennan lið.
Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis
Vantaði að gera ráð fyrir lögregluvörslu á SSS gula og rauða svæðinu. Voru á græna svæðinu. Hryðjuverkamaðurinn var á rauða svæðinu og dó þar en lögreglan kom aldrei að málinu. Vantaði betri merkingar frá vettvangi og að SSS. Aðrir en heimamenn voru að villast á þessari leið. Þetta þarf að bæta í áætluninni sjálfri Vantaði teppi strax á leikendur sem stóðu fyrir utan flugvél eða senda þá strax inn í rútu.
4. Nefnið nokkur <u>atriði sem fóru vel.</u>
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
Raunveruleg æfing. Gott að hafa flugvélina og etv nauðsynlegt. Flugstjórinn sá um að gera hlutina ennþá raunverulegri.
Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis
Æfingin í heild var góð. Undirbúningur til fyrirmyndar. Gott hve þátttakan var góð og að HSS skyldi koma inn að lokum var alveg frábært.

Æfing - Keflavíkurflugvöllur 2009

1. Nafn:

Rögnvaldur Ólafsson, almannavarnadeild RLS

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Eftirlit og umsjón æfingar

3. Hvar var skýrsluritari staddur á meðan á æfingu stóð?

SLY, MÓT, VST. SSS

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Það var ljóst þegar farið var af stað með þetta æfingaplan þ.e. að æfa bæði FFK og NVF að undirbúningur yrði nokkuð snúin enda hafa áætlanir sem þessar ekki verið æfðar samtímis áður.

Reynt var að undirbúa þetta eins vel og hægt var með skrifborðsæfingum og kynningarfundum. Því miður var það þannig að ekki gátu allir sem þátt tóku í æfingunni mætt á þessa dagskrá. Því var það þannig á æfingunni sjálfri að ekki voru allir eins vel undirbúnir.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Þjálfar þarf fjarskiptaplan og útskýra hvernig það er hugsað á skrifborðsæfingum í framtíðinni

Upphaf æfingarinnar og hvernig henni var startað leiddi í ljós þá agnúa sem eru samfara því að ræsa þessar tvær áætlanir samtímis.

Gera þarf lagfæringar á fjarskiptaskipulagi beggja áætlananna og gera það sem líkast þannig að ekki þurfi að fara í miklar tilfæringar á fjarskiptum.

Skoða hvort rétt sé að ræsa FFK sjálfkrafa samhliða NVF.

Uppsetning og vettvangs og aðkoma björgunarliðs ekki samkvæmt veðri.

Samskipti á vettvangi hefðu mátt vera betri varðandi hvað var verið að gera og hvað átti að gera.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Mikill áhugi hjá þeim sem tóku þátt í undirbúning æfingarinnar og góð þátttaka í skrifborðsæfingum.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Góð þátttak leikara og aðstoðarmann.

Viðbragðsaðilar unnu allir vel saman.

Æfing - Keflavíkurflugvöllur 2009

1. Nafn:

Soffía Helga Valsdóttir og Elva Tryggvadóttir, Umsjónarmenn sjúklinga og förðunar.

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Umsjónarmenn sjúklinga og förðunar tveir, einn ljósmyndari/eftirlit, fjórir aukaförðunaraðilar og þrír af þeim fóru einnig í eftirlit og einn í björgun.

3. Hvar var skýrsluritari staddur á meðan á æfingu stóð?

Fylgst var með sjúklingum frá upphafi til enda.

- Móttaka sjúklinga
- Skráning
- Fóðrun
- Förðun
- Upplýsingar veittar til sjúklinga vegna æfingarinnar.
- Eftirlit með sjúklingum í öllu ferlinu, frá förðunarstað að slysstað og þeim komið fyrir.
- Eftirlit með líðan og ummönnun sjúklinga meðan á æfingu stóð.
- Skráning að lokinni æfingu, fóðrun og þakkir.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Upplýsingastreymi til þeirra sem undirbjuggu sjúklinga var ekki nógu gott. Einu upplýsingarnar voru um fjölda sjúklinga og að sprenging ætti að eiga sér stað. Ekki var beðið um neina sérstaka áverka. Upplýsingar fengust þó um fjölda þeirra sem áttu að vera slasaðir og fjölda þeirra sem átti að vera minna slasaðir eða óslasaðir.

Á leið á „slysstað“ komu upplýsingar um að *ekki mátti nota blóð* því það mátti ekki skemma flugvélin. Þetta hefði verið gott að vita frá upphafi því þá hefðu sjúklingar verið útbúnir á annan hátt, áverkar öðruvísi og ekki verið eytt tíma í að útbúa blóð sem var svo ekki notað.

Inní flugvél sást fyrst hvers eðlis slysið átti að vera. Þar sem lítið var vitað um það fyrirfram voru ekki nógu margir sjúklingar með „réttu“ áverka. Sem dæmi var strax beðið um þennan „eina“ sem átti að vera með mikla áverka, s.s hryðjuverkjamaður, engar upplýsingar höfðu borist til umsjónarmanna sjúklinga um einn slíkan farþega.

Tillaga að úrbótum:

Mjög mikilvægt er að þeir sem undirbúa sjúklinga taki þátt í undirbúningi æfingar og skipulagningu.

Fái að vita hvers eðlis æfingin er, staðsetningu og umgjörð og hver tilgangur hennar sé svo hægt sé að útbúa sjúklinga í samræmi við þær kröfur.

Þannig aukast líkur á því að markmið æfingar náist.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Aðstaða fyrir sjúklinga fyrir æfingu var til fyrirmyndar.

Sjúklingar voru meðhöndlaðir mjög vel á SSS og skipulag mjög gott. Þar var hugað að hvernig leikurum leið. Kragar voru losaðir og fólk fékk að standa upp.

Sjúklingar fengu nóg að borða, bæði fyrir og eftir æfingu.

Skráning sjúklinga fór vel fram og skiluðu allir sér til leikaramiðstöðvar að lokinni æfingu þar sem leikarar fengu að borða.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Upplýsingaflæði til umsjónarmanna förðunar hefði mátt vera meira.

Upplýsingaflæði á milli björgunarmanna á slysstað hefði mátt vera betra, björgunaraðilar voru of einangraðir í sínum einingum.

Færa hefði mátt sjúklinga úr gangvegi til að auðvelda umgang um flugvélina.

Merkingar á farangri og farþegum hefði verið hægt að gera með skjótum hætti og myndi líklega hjálpa rannsóknaraðilum sprengingarinnar að kortleggja atburðinn betur.

Utanhald á fótgangandi sjúklingum hefði mátt vera skilmerkilegra og markvissara.

Æfing - Keflavíkurflugvöllur 2009

1. Nafn:
Stephanie Smith
2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Icelandair, IGS, ITS
3. Hvar var skýrsluritari staddur á meðan á æfingu stóð?
Icelandair Emergency Response Center (REK). Talaði við þau sem voru staddir í KEF.
4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Leikararnir voru ekki með á hreinu:

- að þeir máttu lesa úr spjaldið staðan þeirra þó þeir væru “meðvitundarlaus”
- hvenær/hvar greinarstigin voru – enduðu með því að vera á undan áætlun með verkin o.s.f.
- (sumir) að þeir máttu taka bakpokann með sér úr vélinni – sumir skyldu eftir og voru með hlýrri föt þarna inni, voru þá kaldir í tjaldinu og seinna.

Tillaga um lausn: betra útskýringar, í rólegheitunum; jafnvel skrifað á spjaldinu sem leikararnir fá.

Icelandair (eða fyrirtækið sem veitir flugvél) meðlimi þarf að vera með leikrit á hreinu – komu nokkrar óskir frekar seint á ferðinni, hefði verið betri að ég sé alveg inni leikritið, til að gera betra undirbúningi.

Mjög góð bréf fyrir leikarana fyrirfram. Væri ennþá betri að dreifa bréfið til þeirra sem eru að leita leikara áður en sé auglýst eftir leikara – ýmislegt sem ég hefði gert fyrir okkar fólk, t.d. láta vita að yrði auka bol til að láta klippa ,

Innanhús – ég þarf að láta daglegu rekstri vita meira um hvað er í gangi og láta þau fá gögnin sem gætu koma til að þeir þurfa að senda. Reddaðist, en hefði verið betri að gera það meira fyrirfram.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Mikið af innanhús atriði sem þurfum að laga. Skal ekki nefna þetta allt hér, bara halda mig við það sem tengist aðra aðila og/eða samstarf okkar.

þurfum að fá að vera inni 112 boðskerfi – fengum aldrei viðvörðun/útkall beint.

Fólkið okkar í Aðgerðastjórn fannst ekki óvelkomin, en samt ýtt til hlíðar. Ekki óeðlilegt, en held að við getum nýtt samstarfi betur. Væri gott að þau geta tengja sig með tölvu og fá síma, t.d. í næsta herbergið, þannig að þau séu ekki fyrir, en samt mjög nálægt til að geta fylgst með, veita upplýsingar og svara spurningunum. Vorum t.d ekki með aðstandendur, fjölmiðlar, ...til að þrýsta meira á.

Virðist vera margir staðir þar sem áætlanir passa ekki alveg saman. Legg til (hugmynd frá Rauða Krossinn sem ég styð 100%) að taka æfing í rólegheitunum, hafa 2-3 daga og allir aðilar koma sér saman til að fara rólega yfir áætlanir og sjá hvar má laga (sérstaklega samskiptin og samvinnu punktar). Tala, útskýra, ræða málin í miðri æfingu, á þann punkt sem er að valda vandamál. Kannski 2-5 manns frá hverri einingu.

Vantar fax tæki í AS.

Væri gott að hafa einhvern sem fylgir hvern alvarlega slaðaðan einstækling, til þess að þeir þurfa ekki að svara sömu spurningunum oft en einu sinni. Þarf ekki að vera sérfræðingur, má t.d. vera aðili frá Rauða Krossinn. Sá aðili getur líka kallað/bent á sjúkralið ef ástand breytist hjá slasaðan aðila.

Held að vantaði mikið af fólk frá heilbrigðissvæði, og það skapaði seinkanir, óvissu fyrir leikarana og

viðbragsaðilana, ... Kannski hafa þau meira inni undirbúningsfundunum?
Það er kalt í tjaldinu þegar fólk biður á brettunum. Þarf að koma auka teppi mjög fljótlega
þarf að senda áhöfnin eins fljót og hægt er á annan biðsvæði, sérstaklega lítið slasað áhöfn – mega ekki vera með farþegana, maður veit aldrei hvaða viðbrögð þólfendar hafa, þetta er fyrir áhafnaröryggi. Legg til að skilgreina svæði fyrir þau í slysaáætlunin, ef það er ekki þegar til. SSLÁ (Söfnunarsvæði lítið slösuð áhöfn)?
Það var misskilningur um hversu margir voru um borð. Tillaga kom að tala alltaf um “souls on board” eða taka skýrt fram x farþega, y áhöfn, z samtals í hvert skipti sem er talað um þau sem voru um borð.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Mér heyrir að unglíngarnir stóðu sig ótrúlega vel. Hrós til þeirra!
Mjög gott undirbúningsamskipti.
- Gott að halda fundir öllum saman
- Gott að skipta símanúmerin eins og voru í Excel/Google skjalinu, og fylgjast með hverjir yrðu hvar.
Mjög góð bréf fyrir leikarana fyrirfram.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Okkar maður í Samhæfingarstöðin var velkomin, fannst gera gagn þar og hafa gott samskipti. Hefði átt að vera með tölvu til að gera ennþá betur.
Vorur á undan áætlun! ☺

Almennt:

Hámarks lengd skýrslu er 4 bls.

Afmarkið efnistöð við lærdómsatriði æfingarinnar og tillögur til úrbóta.

Almennt spjall um framgang æfingarinnar á ekki heima í þessum hluta skýrslunnar!

Datt í huga að bjóða fólki frá öðrum svæðum (t.d björgunarsveitin sem eru ekki á höfuðborgarsvæði) að taka þátt sem leikara. Það er holt að upplifa báðar megin við tjaldið.

Vill taka fram að þó það er mikið sem má fara betur (og sá listi töluvert lengur en það sem gekk vel), almennt fannst mér æfingin mjög góð. Það er auðveldara að gangrýna heldur en að lista allt sem fór vel.

From: Stephanie Smith [ssmith@icelandair.is]

Sent: 8. maí 2009 15:00

To: Valgeir Ásgeirsson

Subject: Fw: Æfing í KEF- pistill frá leikara

Sæll aftur Valli,

Var að fá þetta frá þáttakenda (samþykkti að ég mætti senda til þín). Þarna í frekar skemmtilegur pistill koma smá atriði fyrir leikaraumsjónarmenn, sérsveitarmenn, björgunarmenn, heilsbrigðisfólki, hugsanlega nokrir fleira.

Kveðja,

Stephanie

Frá sjónarhorni leikara sem hefur starfað fyrir Rauða Krossinn og er í Emergency teymi Ícelandair.

Við buðum okkur fram tvær fyrst of fremst til að fylgjast með og læra. Þegar við komum úr Reykjavík var langt komið að sminka þáttakendur sem flestir voru mættir og mikill asi á staðnum, við vorum skráðar og fengum afhent blöð með lýsingu á okkar ástandi. Mitt blað er sett upp í Excell en dálkar virðast ekki standast á alla vega skildi ég það alls ekki rétt. Ég fékk hlutverk farþega sem slasast mikið og er meðvitundalaus, á blaðinu eru upplýsingar um eitt og annað sem ég ÁTTI að vita og segja bráðaliðum (púls, öndun, blóðþrýstingur) en vissi alls ekki enda heyrði ég engar útskýringar á því og það kom ekki fram á blaðinu en aftur á móti heyrði ég sagt að björgunarliðið mætti ekki sjá blaðið né vita hvað á því stæði, þetta olli smá klúðri þegar farið var að huga að mér. Ég tók hlutverk mitt alvarlega og lá mest megnis með lokuð augun en kíkti reglulega til að sjá hvað fram fór en ég var framarlega í gangsæti í 8.röð svo ég sá ekki neitt aftur í vélina. Sprengjuvírur hafði verið komið fyrir á mér og þar með ver ég komin í hlutverk hryðjuverkakvendis. Þegar sprengingin dundi fór allt af stað og slasað fólk lá út um allt veinandi og kallandi en ég bara lá með handlegg að hluta út fyrir sætið. Mér fannst líða óratími þar til sérsveitin kom, þeir virtust fara hratt yfir og í þröngri vél hljómaði þetta eins og væru 15 fílar á ferðinni, margoft nánast tóku þeir af mér handlegginn og á endanum slakaði ég honum inn fyrir en þá kom einn og teygði sig upp í hólfíð fyrir ofan sætið og um leið hálfrotaði mig með einhverjum tækjum sem hann bar framan á sér. Þá ákvað ég að reyna líka að halda hausnum og slakaði honum innar til hægri, eins gott að vera vakandi!

Eftir langa bið birtust slökkviliðsmenn í geymbúningum og þá hófst annar 15fíla gangur um vélina og menn skoðuðu og leituðu og enn leið langur tími þar til ég var skoðuð þrátt fyrir náhvítan litarhátt en vesalings maðurinn ætlaði aldrei að fá upp úr mér það sem hann þurfti að vita því ég var meðvitundalaus og þögul sem gröfin en sem betur fer var einn úr undirbúningsliðinu nærstaddur og gat náð af mér blaðinu og lesið fyrir hann og sagt mér það sem ég átti að vita. Ástandið var alvarlegt en áfram beið ég lengi því koma þurfti fólki burt sem var fyrir og það tók sinn tíma, móðursýki ríkti í gangveginum, frábærir leikarar þessir krakkar og stóðu sig með þryði.

Þegar svo næsti kom og spurði mig um ástand þá gaf ég honum upplýsingar samkvæmt 2.skoðun (sennilega klúður líka) og enn leið langur tími þar til börur komu þrátt fyrir að þá væri ástand mitt orðið svo slæmt að ég heyrði nokkrum sinnum sagt, hún er að fara, þessi er að fjara út .

Svo kom hermannabeddinn, ég sett á beddinn og held ég hafi verið borin fyrir ofan sætin aftur eftir vélinni, var ekki með báða olnauga inná en ákvað að ég yrði að hafa meðvitund til þess að laga mig til því þröngslin voru slík, svo var komið inn í enda vélarinnar og mikið maus að snúa og bakka til að geta komist út og ég enn óbundin á börnunum og úps, hávaðarok úti, nú ákvað ég að vera meðvitundalaus því nú lá leiðin niðri stigann, jú þetta slapp lífandi niðurlá braut.

Þarna í hífandi roki á flugbrautinni fékk ég loks teppi, enda orðin ísköld eftir að hafa setið hreyfingalaus í kaldri vélinni, að mér fannst óratíma.

Eftir smátíma á brautinni var mér rúllað inni tjald þar sem fullt var af fólki og börum, þröngt og kaos en einhvervegin fékk ég ekki greiningu alveg strax heldur börurnar lækkaðar og rúllað til hliðar á meðan greitt var úr kösinni og þá uppgötvaðist aftur að ég væri á förum og rúllað inn í sjúkrahúsi þar sem reynd var endurlífingun en of seint.....dáin. Gott mál enda hryðjuverkakvendi!

En, hefði ég verið venjulegur farþegi og átt allt það besta skilið má segja að þjónustan hafi verið of hæg og ómarkviss og ég dáíð kannski fyrir seinagang.

Ég held að ef stórslys yrði að best leiðin til að forðast svona kaos væri að hafa einn Rauða kross liða eða hjálparveitarmann við hlið hvers einasta slasaða einstaklings til að fylgja honum alla leið, halda í hendina á viðkomandi, aðstoða hann við að útskýra aftur og aftur og ekki síst gæta öryggis hans.

Það er allt of auðvelt að gleyma mönnum á börnunum, alltaf koma nýjir aðilar að viðkomandi og þurfa að byrja á að yfirheyra slasað fólk uppá nýtt.

Þessi þáttaka var mjög lærdómsrík og frábært lið að störfum en vantar bara skipulag og æfinagar oft.

Þegar æfingu lauk var haldinn rýnifundur í húsnæði Airport Associates. Þar tóku til máls Aðgerðastjóri, Vettvangsstjóri, verkþáttastjórar og aðrir lausnaraðilar.

Markmið rýnifundar var að draga fram hvað fór vel í æfingunni og hvað hefði mátt betur fara og í framhaldi af því þá verður lokið við að uppfæra Neyðaráætlun vegna flugverndar og Flugslysaáætlunin yfirfarin og þar sem úrbóta er þörf verður lagfært.

Niðurstaða aðfinnsla viðbragðsaðila

Fundargerð vegna fundar sem haldinn var þann 29.05.2009 í byggingu nr. 12 á Keflavíkurflugvelli.

Fundarmenn: Rögnvaldur Ólafsson frá almannavarnadeild RLS, Valgeir Ásgeirsson frá Keflavíkurflugvelli ohf, Björn Bjarnason, Skúli Jónsson og Jón P. Jónsson frá lögreglustjóranum á Suðurnesjum.

Fundarefni: Farið yfir aðfinnslur viðbragðsaðila eftir æfingu á Keflavíkurflugvelli þann 18.04.2009 en æfingin gekk út á það að keyra tvær áætlanir saman, annars vegar neyðaráætlun vegna flugverndar (NVK) og hins vegar flugslysaáætlun Keflavíkurflugvallar (FFK).

Fundarmenn fóru sameiginlega yfir fyrirbyggjandi aðfinnslur en ljóst er við lestur þeirra að fjölmargt fór úrskeiðis á öllum stigum æfingarinnar. Reynt var að greina á milli atriða sem flokka má sem „æfingalegs eðlis“ og atriða sem vörðuðu beinlínis áætlanirnar sjálfar. Niðurstaðan af þeirri skoðun leiddi í ljós að áætlanirnar stóðu fyrir sínu fyrir utan fjarskiptaáætlun í NVK. Einnig var það samdóma álit fundarmanna að megin ástæðan fyrir hnökrum á æfingunni hafi verið þekkingar- og þjálfunarskortur þeirra sem tóku þátt í æfingunni en með því má segja að æfingin hafi sjálf leitt í ljós mikilvægi þess að hún skyldi vera haldin.

Af lestri á aðfinnslum frá viðbragðsaðilum má sjá að mjög margir hafa þegar brugðist við því sem betur mátti fara hjá hverjum og einum. Í þessari fundargerð verður það ekki tíundað nánar.

Mestur tími fundarins fór í það að fara yfir tillögu um nýtt fjarskiptaskipulag fyrir NVK. Að lokum fékkst niðurstaða í það mál sem verður tekin upp með sérsveit RLS á næstu vikum en hún gerir ráð fyrir nánast sama fjarskiptaskipulagi í NVK og FFK.

Farið var yfir mikilvægi þjálfunar starfsmanna þar sem rekja má megin hluta hnökra til þekkingar- og þjálfunarskorts. Eina leiðin til þess að bregðast við því er að halda æfingar með reglubundnum hætti og undirstrikar það mikilvægi þess að unnið sé eftir fyrirbyggjandi áætlun um æfingar og þjáflun fyrir fluvernd á Keflavíkurflugvelli.

Tillaga var lögð fram þess efnis að æfingaáætlun sem sérstaklega miðar að því að æfa viðbrögð við flugslysaáætlun 2008-2013 verði breytt á þá leið að hún nái einnig yfir aðrar neyðaráætlanir fyrir Keflavíkurflugvöll. Vel var tekið í þá tillögu og mun hún verða skoðuð nánar á næstunni.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar 02.06.2009

Jón P. Jónsson